

**Nr. 023 / 12 Börkur NK 122*****Skipverji klemmist og slasast***

Skipaskr.nr. 2827  
IMO 9213973  
Smíðaður: Noregi 2000, stál  
Stærð: 2187 bt.  
Mesta lengd: 68,30 m Skráð lengd: 60,48 m  
Breidd: 14 m Dýpt: 9,65 m  
Vél: WARTSILA 5520 kW, 1999  
Fjöldi skipverja: 12



Börkur©Útgerð

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 25. febrúar 2012 var Börkur NK 122 á loðnuveiðum með nót á Selvogsbanka. Veður: Hægviðri og dálítill alda.

Búið var að snurpa og taka snurpuhringina af vírnum og verið að flytja þá í hjólavagni að aftari nótakassa til geymslu fyrir næsta kast. Þegar tveir skipverjar, sem önnuðust þetta starf, ætluðu að fara í gegnum fremri nótakassan misstu þeir stjórn á vagninum með þeim afleiðingum að hann rann stjórnlaust á milli þilja. Þeir sem biðu eftir hringjafarminum við aftari nótakassan heyrdðu hávaðann og komu á vettvang. Skipverjarnir sættu lagi að koma höndum á vagninn og biðu eftir að slátturinn minnkaði. Þegar þeim þótti komið lag ætluðu þeir að koma vagninum aftur úr fremri nótakassanum en áður en það tókst jókst veltan að nýju. Vagninn fór á ný af stað ásamt einum skipverjanum en hinir gátu forðað sér. Skipverjinn féll í þilfarið þegar hann skall utan í þilið og á næstu veltu hafði hann hvorki komist á fætur né getað skriðið út og rann stjórnlaust yfir þilfarið með vagninn á eftir svo hægri fótur varð á milli vagnsins og þilsins.



Talið var að þessi vagn með hringjunum hafi verið um 230 kg að þyngd. Mynd ©Lögreglan

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipið var nýlega keypt til útgerðarinnar og hafði aðeins farið í fimm veiðiferðir áður en slysið varð;
- að snurpuhringirnir eru lokaðir stálhringir en ekki opnanlegir eins og er nánast á öllum öðrum skipum íslenska nótaveiðiflotans. Hringirnir eru því ekki teknir hver fyrir sig af vírnum eftir því sem drætti vindur fram og komið aftur eftir með þar til gerðum búnaði. Þegar vírnum hefur verið lásað í sundur í lok dráttar er hann dreginn úr hringjunum og þeir hífðir niður í þennan hjólavagn til flutnings;
- að talið var að vagninn sé um 230 kg fulllestaður hringjum, Hann er á fjórum plasthjólum og eru tvö þeirra á snúningsás svo auðveldara er að beygja honum. Á sitt hvorum enda eru handföng sem slúta fram yfir endagaflana og hefur annað þeirra rekist fyrst í vegginn þegar fóturinn varð á milli gaffl vagnsins og þilsins og því minnkað til muna höggið sem fóturinn varð fyrir;
- að öll þilför skipsins eru hálfuvarin með „sandmálningu“ nema þilför nótakassanna og eru þau því sleipari og þá sérstaklega ef þau eru blaut eða þegar grútur, sem fylgir feitum fiski, hefur sest á þau;
- að slasaði taldi að leiðin sem flutningsmennirnir fóru með vagninn hafi verið sú leið sem venjulega var farin en hann kvaðst ekki hafa sinnt þessu starfi. Skipverji sem var við flutninginn var ekki viss um hvort honum hafi verið sagt hvaða leið ætti að fara með vagninn en eftir slysið sé farið bakborðsmegin við nótakassann og aftur eftir trollþilfarinu;
- að skipstjóri sagði að leiðin til að flytja hringina sé utan við kassann og það þröng að sláttur geti ekki myndast. Nótakassarnir séu sjö metra breiðir og því óðs manns æði að fara þá leið sem skipverjarnir fóru. Þeir hafi bara ætlað að flýta fyrir sér og það tók annar þeirra, sem voru við verkið, undir.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins var fljótfærni skipverja.